

Ed.

212. Frumvarp

til laga um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og fasteignum í Eskifjarðarhreppi.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Hreppsnefndinni í Eskifjarðarhreppi er heimilt að taka fasteignagjald af öllum fasteignum í hreppnum, og ákveðst það eins og þjer segir:

- a. Af öllum húsum, úr hvaða efni sem er og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða $1\frac{1}{2}\%$ — eina krónu og fimmtiu auru af hverjum 100 krónum — af virðingarverði, enda annist hreppurinn sóttþreinsun og ráðstafanir til útrýmingar rottum og gegn eldsvoða.
- b. Af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem hreppsnefndin hefir ekki með sjerstakri samþykkt ætlað til annara afnota en byggingarlóða, skal greiða 2% — tvær krónur af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

Fasteignagjald skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki hundrað krónum, greiðist ekkert gjald.

Hreppsnefndinni er heimilt að sleppa fasteignagjaldi af arðlausum eignum og þeim eignum, sem hún álitur, að ekki þoli að bera opinber gjöld.

2. gr.

Undanþegar fasteignagjaldi eru allar fasteignir Eskifjarðarhrepps og hatnarsjóðs Eskifjarðar.

3. gr.

Fasteignagjald skal greiða um leið og aukaútsvar.

4. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á fasteign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum í eigninni.

Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótunum á sama hátt.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og má taka fasteignagjaldið í fyrsta sinn fyrir árið 1929.

Ástæður.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndarinnar í Eskifjarðarhreppi. Telur hún nauðsynlegt, að hreppsnefndin fái slíka heimild sem þá, er frv. fer fram á.